

7 K  
1781

RANNSÓKNIR Á VATNSHLÍÐARVATNI 4/7 1980.

Lögð voru 5 tilraunanet í vatnið að kvöldi 3/7 og vitjað um daginn eftir. Vaðið var út með netin frá fjörunni norðanmegin. Mjög grunnt var langt út frá landi, og mikil drulla var er komið var 15-20 m. út. Talsverður gróður er í vatninu, mari og nykra. Meðan verið var að leggja gekk fiskur í netin. Eftir nóttina var aflinn sem hér segir.

möskvastærð		fjöldi fiska
omf.	mm.	
18	35	2
20	32	3
22	29	5
24	26	40
30	21	34
5 net.		Samt. 84 bleikjur.

Öll var bleikjan smá, og megnið af henni mjög smátt. 25 bleikjur voru aldursgreindar og sjást niðurstöður á mynd 1. Vatnið var mjög gróflega ofsetið bleikju, með því versta sem gerist. Því þarf gífurlegt átak er takast á að grisja stofninn svo gagn verði að, og vafasamt hvort það er unnt með hefðbundnum veiðiaðferðum (lagnetum og gildruveiði í lækjum).

Veiðimálastofnunin er að hefja tilraunir með afkastamikil veiðitæki (dragnót) og ef þær gefast vel mætti reyna slík veiðarfæri í Vatnshlíðarvatni. Þangað til er rétt að reyna að veiða eins mikið og unnt er. Einnig mætti athuga hvort hægt væri að lækka það mikið í vatninu að það botnfrysi einn vetur og dræpi af sér fiskinn. Vatnið virðist allt grunnt, en ef dýpri álar eru í því er slíkt að sjálfsögðu ekki hægt.

Ég hef heyrt að uppi séu hugmyndir um að nota Vatnshlíðarvatn sem vatnsmiðlun fyrir Sæmundará og ég vil vara eindregið við slíkum framkvæmdum. Ástæðurnar sem gegn því eru koma fram í skýrslu sem gerð var um Leirvogsvatn og fylgir hún hér með í ljósriti. Auk þess er rétt að benda á eftirfarandi atriði er varða Vatnshlíðarvatn sérstaklega: Vatnið er lítið, 80 ha og úrkomusvið þess einungis 2,5 km<sup>2</sup>. Vatnið leggur ekki til nema lítinn hluta rennslis Sæmundará. Þetta má t.d. sjá með því að skoða ármótin þar sem lækurinn

úr vatninu rennur í ána. Ársúrcoma á þessu landssvæði er um 500 mm, sem þýðir að árlegt meðalrennsli úr vatninu er um 400 L/sek. Vatnið er svo lítið að lo sm vatnsborðshækkun gæti miðlað  $1 \text{ m}^3/\text{sek}$  í einn dag, eða  $1 \text{ m}^3/\text{sek}$  miðlun í 10 daga myndi lækka yfirborðið um 1 m.

Rætt hefur verið um að sleppa laxaseiðum í vatnið. Er þá vonast til að þau geti náð sjógöngustærð í vatninu, gangi þaðan í sjó, og endurheimtist sem fullorðnir laxar neðar á vatnasvæðinu.

Ógerlegt er að segja til um fyrirfram hvort slík tilraun heppnist, og eina ráðið er því að gera tilraunir. Þó verður að telja að von um árangur sé ekki mikil, vegna þess hve geysimikið af bleikju er í vatninu, en hún veitir laxinum að sjálfsögðu samkeppni. Sjálfsagt er þó að gera tilraunir með þetta í litlum mæli, og ekki er hætt á að vatnið hlyti af því nokkurn skaða.

apríl 1981

Jón Kristjánsson

Veiðimálastofnun



ÁRDUR / LENGD Á BAKIKU ÍR VATNSHLÍÐARVATNI  
4/7 1980

